

Fundur með starfsmönnum Menntamálastofnunar

19. janúar 2017, kl. 13:00, haldinn hjá Menntamálastofnun, Víkurhvarfi 3

Menntamálastofnun (MMS) kynnti í upphafi fundar verkefni sín og greindi frá samstarfsaðilum sem m.a. eru kennarar og foreldrafélög grunskólanna, fræðsluskrifstofur sveitarfélaga, Rithöfundasamband Íslands og Krakkarúv.

Í framhaldinu var rætt um samstarf við bókasöfn í landinu og hugsanlega fleti á því samstarfi. Þar var m.a. rætt um:

- Bókasöfn.is. Vefurinn er í umsjón Upplýsingar. Lagt til að settar verða upplýsingar um vefinn á heimasíðu MMS. Stjórn SFA mun óska eftir samstarfi Upplýsingar varðandi þetta mál.
- Krakkarúv og heimsóknir á bókasöfn. MMS lagði til að Krakkarúv færi í heimsóknir á bókasöfn fyrir þættina sína og stjórn SFA tók vel í það og samþykkti fyrir hönd almenningsbókasafna.
- Bókasafnsdagurinn. Rætt um samstarf MMS og nefndar um Bókasafnsdaginn vegna dagsins og ákveðið að stjórn SFA upplýsi stjórn Upplýsingar um þann áhuga MMS.
- Sumarlestur bókasafna. MMS sýndi áttakinu mikinn áhuga og bauð fram krafta sína í áttakinu, t.d. með því að koma inn á bókasöfn með fyrirlestra um mikilvægi lesturs, málþroska o.fl. Ákveðið að hittast þegar nær dregur sumrinu og ræða nánari útfærslur.
- Ýmsa aðra möguleika um samstarf, s.s. innkomu MMS á foreldramorgna eða aðra viðburði bókasafna (beiðnir berist í gegnum heimasíðu MMS), Dag bókarinnar, ýmis lestrarátök og möguleika á því að bókasöfn geti keypt námsefni sem útgefið er af MMS. Stjórn SFA mun senda upplýsingar um hvert beiðnir skal senda á félagi í SFA og einnig nefna möguleika á innkaupum á námsefni.

Að lokum var ákveðið að hittast aftur um mánaðamótin apríl/maí.

LZV